

REGLUR

um beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna í Mosfellsbæ.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Grundvöllur beingreiðslusamninga.

Reglur þessar grundvallast á 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og taka til útfærslu á þjónustu sem Mosfellsbæ er skylt að veita fötluðu fólki samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Þjónusta í formi beingreiðslusamnings er háð faglegu mati fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar um að beingreiðslusamningur sé hentugt þjónustuform til að mæta þjónustuhörf viðkomandi.

Fjölskyldusvið gerir beingreiðslusamninga við fatlað fólk og forsjáraðila fatlaðra barna sem eiga lögheimili í Mosfellsbæ.

2. gr.

Markmið og inntak beingreiðslusamninga.

Markmið beingreiðslusamninga er að auka val fatlaðs fólks á formi og fyrirkomulagi aðstoðar. Unnt er að gera beingreiðslusamning vegna athafna daglegs lífs sem fellur undir stuðnings- og stoðþjónustu. Um er að ræða þjónustu samkvæmt 1., 3. og 4. tl. 1. mgr. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Inntak beingreiðslusamnings er að þjónustuhörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda á grundvelli reglna Mosfellsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglna Mosfellsbæjar um stuðningsþjónustu og stoðþjónustu. Samhliða þarf að liggja fyrir mat fjölskyldusviðs á að almenn stuðnings- og stoðþjónusta sem áður hefur verið samþykkt nýttist ekki notanda. Er þá notanda í sjálfsvald sett hvernig þjónustu er háttað og hvenær tíma dagsins hún fer fram innan þeirra marka sem mat á þjónustuhörf setur. Notanda er þó skylt að gæta að lágmarksréttindum aðstoðarfólks í starfi þeirra. Ekki er um að ræða næturþjónustu.

Heimilt er að gera beingreiðslusamning við fatlað fólk á aldrinum 18 til 67 ára eða við foreldra/forsjáraðila fatlaðs barns á aldrinum 6 til 18 ára í ákveðnum tilfellum og að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. III. kafla í reglum þessum. Hafi fatlaður einstaklingur átt rétt á beingreiðslusamningi fyrir 67 ára aldur á hann rétt á slíkri útfærslu á þjónustu eftir 67 ára aldur að uppfylltum skilyrðum í reglum þessum.

II. KAFLI

Umsókn og mat á þjónustuhörf.

3. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsóknir um beingreiðslusamninga eru afgreiddar af fjölskyldusviði í kjölfar viðtals við ráðgjafa þar sem farið hefur verið heildstætt yfir þjónustuhörf umsækjanda. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til að sækja um þjónustu í formi beingreiðslusamnings fyrir sína hönd.

Með umsókn skal leggja fram eftirfarandi gögn:

- Örorkumat, fötlunargreiningu, umönnunarmat og mat á stuðningsþörf/SIS-mat umsækjanda, sé það til staðar, eftir því sem við á.
- Yfirlit Skattsins yfir greiðslustöðu opinberra gjalda.
- Upplýsingar úr vanskilaskrá.

4. gr.

Þjónustubörf.

Þjónustubörf umsækjanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda. Fjárhæð sem greidd er vegna hvernar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum fjölskyldusviðs.

5. gr.

Afgreiðsla umsókna.

Ákvörðun um að veita þjónustu í formi beingreiðslusamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á þjónustubörf ásamt því sem öll skilyrði 6. og 7. gr. þessara reglna verða að vera uppfyllt.

III. KAFLI

Fyrirkomulag beingreiðslusamnings.

6. gr.

Forgangur til þjónustu.

Þeir umsækjendur eru í forgangi fyrir þjónustu í formi beingreiðslusamnings sem hafa sértækar þarfir sem fjölskyldusvið getur ekki uppfyllt með viðeigandi hætti, svo sem þegar þjónusta er afar sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt beingreiðslusamningi sé hentugra form til að mæta þjónustubörfum viðkomandi, sbr. 1. gr. í reglum þessum.

Ekki er heimilt að veita að auki sömu þjónustu frá fjölskyldusviði til að mæta þörfum notanda og samið er um í beingreiðslusamningi.

7. gr.

Skilyrði fyrir samþykkt.

Grundvallarskilyrði fyrir beingreiðslusamningi er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir falli niður af hálfu Mosfellsbæjar. Í staðinn fær notandi greidda ákveðna fjárhæð sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metinni þjónustu. Samþykkt fyrir gerð beingreiðslusamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar hverju sinni.

Til að umsækjandi eigi rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings verður hann að uppfylla skilyrði 1. og 6. gr. í reglum þessum um grundvöll beingreiðslusamnings og forgang til þjónustu, ásamt öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal eiga lögheimili í Mosfellsbæ meðan þjónustan er veitt.
- b. Umsækjandi skal vera á aldrinum 18 til 67 ára. Foreldrar/forsjáraðilar fatlaðra barna, 6 ára og eldri, geta jafnframt sótt um þjónustu í formi beingreiðslusamnings fyrir hönd barna sinna.
- c. Umsækjandi skal teljast fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- d. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu en ekki í sértæku þjónustu- og búsetuurræði og þar sem veitt er samþætt þjónusta. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingur sem býr á hjúkrunarheimili eða stofnun og þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu á ekki rétt á þjónustu í formi beingreiðslusamnings.
- e. Umsækjandi skal hafa viðvarandi og umfangsmikla þjónustubörf sem metin er af fjölskyldusviði í samvinnu við umsækjanda.
- f. Umsækjandi skal þurfa daglega aðstoð sem nemur að lágmarki 60 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á þjónustubörf umsækjanda skv. 5. gr. í reglum þessum. Fjöldi tíma í beingreiðslusamningi ræðst af samþykkt samkvæmt reglum Mosfellsbæjar um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir börn og fullorðna.

Fjölskyldusviði er heimilt að líta til þess hvort umsækjandi eða foreldrar/forsjáraðilar séu á vanskilaskrá við afgreiðslu umsókna.

8. gr.

Greiðslur.

Greiðslur frá fjölskyldusviði til notanda/forsjáraðila (hér eftir nefndur notandi) hefjast við gildistöku beingreiðslusamnings. Greiðslur berast að jafnaði 25. dag mánaðarins á undan.

Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna beingreiðslusamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu beingreiðslusamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð.

9. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns.

Greidd fjárhæð vegna hverrar klukkustundar í metinni þjónustu er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum fjölskyldusviðs.

Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni samkvæmt beingreiðslusamningi í samræmi við mat á þjónustubörf. Notandi skal leggja fram öll nauðsynleg gögn til fjölskyldusviðs þar að lútandi, sbr. 14. gr. í reglum þessum.

Notanda er skylt að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til að mæta breytilegum þjónustubörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að tveimur mánaðargreiðslum samkvæmt beingreiðslusamningi skal notandi leggja fram viðhlítandi skýringar á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er fjölskyldusviði heimilt að endurkrefja um fjárhæðina. Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til fjölskyldusviðs í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endurkrafinn um.

Skil á fé og gögnum til fjölskyldusviðs er forsenda fyrir því að til endurnýjunar samnings geti komið.

Fjölskyldusviði er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þá þjónustu sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við þjónustuna.

10. gr.

Gildistími.

Í fyrsta sinn sem beingreiðslusamningur er gerður skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn og skal miða við almanaksár.

IV. KAFLI

Framkvæmd beingreiðslusamninga.

11. gr.

Form og gerð samnings.

Ef notandi er ólögráða gerir lögráðamaður hans samning við fjölskyldusvið fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla umsýslu fyrir hönd notanda. Notast skal við staðlað samningsform.

12. gr.

Aðstoðarfólk.

Notandi skal annast leit, ráðningu og umsýslu vegna aðstoðarfólks. Geti notandi ekki annast það ferli án aðstoðar skal leitast eftir samþykki hans við valið. Notanda er ekki heimilt að velja sér aðstoðarmann sem býr á sama heimili eða er náninn ættingi. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði í undantekningartilvikum ef sýnt þykir að hagsmunum notanda sé best borgið með slíkri ráðstöfun og það sé sannarlega hans vilji. Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

13. gr.

Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks.

Aðstoðarfólk skal skila inn sakavottorði að beiðni notanda og verður ekki hjá því komist. Sveitarfélagið hefur heimild til að fylgja þessu eftir við notanda.

Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólk til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsisdóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fíkniefni skal ráðgjafi fjölskyldusviðs, í samráði við notanda, meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

14. gr.

Eftirlit og upplýsingaskylda.

Stöðumat skal fara fram innan tólf vikna frá upphafi gildistíma beingreiðslusamnings þar sem kannað er hvernig samningur nýttist notanda og hversu vel markmið hans hafa náðst. Skal matið framkvæmt í samvinnu við notanda.

Notandi skal skila fjölskyldusviði rekstrarskýrslu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti um fjölda vinnustunda sem hafa verið nýttar. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni fjölskyldusviðs.

Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita fjölskyldusviði upplýsingar um samninga, tíma-skrár og vinnuáætlanir sem tengjast samningi. Nota ber staðlað yfirlitsblað yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu, sem staðfest hefur verið af aðstoðarfólki notanda. Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Einnig skulu afhent öll gögn sem kveðið er á um í 2. mgr. þessa ákvæðis auk skattframtals. Þá er fjölskyldusviði heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftár ef þörf er á.

Endurmat á þjónustuþörf notanda skal framkvæmt við endurnýjun samnings og eigi síðar en fjórum vikum áður en samningur rennur úr gildi. Notandi skal tilkynna fjölskyldusviði tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd samnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á þjónustuþörf.

V. KAFLI

Lok samnings.

15. gr.

Uppsögn samnings.

Umsýsla vegna beingreiðslusamninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá fjölskyldusviði.

16. gr.

Vanefndir og riftun samnings.

Fjölskyldusvið getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á samningi á eigin kostnað. Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til notanda með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests. Fjölskyldusvið skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem fjölskyldusvið tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Verði uppi ágreiningur milli fjölskyldusviðs og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining. Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

17. gr.

Viðbrögð vegna riftunar.

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá fjölskyldusviði til notanda þegar í stað. Fjölskyldusviði er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjár, í heild eða að hluta, sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt samningi ef sýnt er fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a. Féð hefur að hluta til eða í heild ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b. Ákvæðum beingreiðslusamnings hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem beingreiðslusamningi er rift ber fjölskyldusviði að tryggja að ekki verði rof á þjónustu við notanda og að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og óþægindum og mögulegt er.

VI. KAFLI

Málsmeðferð.

18. gr.

Ákvörðun.

Fjölskyldusvið metur þjónustubrögð umsækjanda eins fljótt og unnt er eftir að umsókn hefur borist út frá þeim gögnum sem liggja fyrir. Öflun gagna og upplýsinga skal fara fram í samvinnu við umsækjanda eftir því sem unnt er. Að öðrum kosti skal hafa samvinnu og samráð við persónulegan talsmann hans, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Fjölskyldusvið skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

19. gr.

Samvinna við notanda.

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við notanda eftir því sem unnt er, en að öðrum kosti við aðstoðarmann/umboðsmann notanda eftir því sem við á.

20. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum.

Málgögn er varða persónulega hagi notanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafir starfsmenn kynnst einkahögum notanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu skriflegu samþykki þess sem í hlut á.

Notandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

21. gr.

Leiðbeiningar til notanda.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður fjölskyldusviðs bjóða notanda ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa notanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna beingreiðslusamnings og leiðbeina honum um að leita upplýsinga um það hjá viðeigandi yfirvöldum, s.s. vegna skattskila og upplýsinga til Tryggingastofnunar ríkisins.

22. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar.

Beingreiðslusamningur sem gerður er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu notanda fellur þá þegar úr gildi og getur fjölskyldusvið endurkrafð notanda um þá fjárhæð sem úthlutað hefur verið samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Fjölskyldusvið Mosfellsbæjar skal þó sjá til þess að ekki verði rof á þjónustu.

Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem notandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

23. gr.

Niðurstaða, rökstuðningur synjunar og málskot til fjölskyldunefndar.

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu fjölskyldusviðs skriflega svo fljótt sem unnt er. Synjun skal alltaf fylgja rökstuðningur. Sé umsókn synjað í heild eða að hluta skal umsækjanda kynntur réttur hans til að skjóta ákvörðuninni til fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar til endurskoðunar. Beiðni um endurskoðun skal koma fram innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðunina.

24. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Um málsmeðferð fer skv. XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og stjórnslulögum nr. 37/1993. Það felur meðal annars í sér að umsækjandi getur skotið ákvörðun fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að tilkynning barst um ákvörðunina. Kæra telst fram komin innan kærufrests ef bréf sem hefur hana að geyma hefur borist úrskurðarnefndinni eða verið afhent pósthjónustu áður en fresturinn er liðinn.

25. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi fjölskyldunefndar Mosfellsbæjar 21. desember 2021 og á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar 12. janúar 2022 og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Mosfellsbæ, 19. janúar 2022.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs.